

GARÐAR GÍSLASON

HVAR NAM SÆMUNDUR FRÓÐI?

1.

Í IX. kapitula Íslendingabókar segir Ari fróði, er hann fjallar um lögsögu-mannstíma Sighvats Surtssonar 1076 til 1083: „Á þeim dögum kom Sæmundur Sigfússonr sunnan af Frakklandi hingat til lands ok lét síðan vígjask til prests.“¹ Hafa menn æ síðan haft fyrir satt að Sæmundur hafi numið í Frakklandi fyrstur norrænna manna og löngum velt fyrir sér hvar í því ljúfa landi það hafi verið, þar sem öllum heimildum ber saman um að Sæmundur hafi verið lærður vel og haft mikil og góð áhrif hér á landi, enda skólar þar þeir fremstu í álfunni á þessum tíma. Nú hefur það gerst að efasemdir hafa vaknað, og það helst vegna skrifa Sigurðar Líndal í Sögu Íslands,² þar sem hann tekur undir hugmynd Magnúsar Más Lárussonar prófessors og rektors að það hafi ekki verið Frakkland, sem Ari eigi við, heldur sá hluti Þýskalands sem þá kallaðist og kallast enn Franconia eða Franken. Eftir að Sigurður Líndal tók undir þessa hugmynd hefur hún breiðst út meðal lærðra manna eins og eldur í sinu. Í hinni nýju og veglegu sögu kristni á Íslandi,³ sem Alþingi gaf út í tilefni þúsund ára afmælis kristnitökunnar, er sérstaklega tekið undir þessa hugmynd og dregið í efa að Sæmundur hafi numið í Frakklandi. Hugmyndin kemur og fram í nýjum uppláttarritum um þennan tíma.⁴ Má því með sannni segja að þessi tilgáta sé á góðri leið að verða viðurkennd. Í nýrri og veglegri bók á ensku um kristnitökuna á Íslandi eftir Orri Vésteinsson er enn tekið undir þessa tilgátu og beinlínis staðhæft að Ari hafi í riti sínu sagt að Sæmundur hafi komið frá Franconiu.⁵ Má þar með telja hringnum lokað, þegar farið er að breyta orðum Ara í Íslendingabók. Tel ég því rétt að staldrað sé við, til-

¹ Jakob Benediktsson. *Íslendingabók, Landnámabók*. Íslensk fornrit I. 1968, s. 20–21.

² Sigurður Líndal. „Upphaf kristni og kirkju.“ *Saga Íslands* I. 1974, s. 255.

³ Hjalti Hugason. „Frumkristni og upphaf kirkju.“ *Kristni á Íslandi* I. 2000, s. 229.

⁴ Sjá t. d. ritið *Íslenskur Söguatlas* 1. bindi. 1989, s. 69.

⁵ Orri Vésteinsson. *The Christianization of Iceland. Priests, Power and Social Change 1000–1300*. 1996, s. 36.

gátan skoðuð nánar og athugað hvað mæli með henni og hvað á móti. Hér er eingöngu fengist við líkindi og góð rök enda heimildir af skornum skammti. Séu góð rök og líkindi fyrir þessari hugmynd ber að taka hana alvarlega, en séu hvorki góð rök né líkindi fyrir henni ber að hafna henni.

Peter Foote, prófessor í London, hefur sérstaklega tekið fyrir þessa spurningu í ýtarlegri grein, og verða skrif hans hér skoðuð. Farið verður yfir helstu skrif um nám Sæmundar og önnur rit sem nýlega hafa birst og varpa ljósi á þennan tíma.

2.

Ari Þorgilsson var samtímamaður Sæmundar, tólf árum yngri, og vitað er að þeir höfðu samstarf um margt. Ari sýndi Sæmundi uppkastið að Íslendingabók og má því ljóst vera að hefði Sæmundi þótt eitthvað athugavert við nafnið á landinu, sem hann hafði dvalist í, hefði hann gert sínar athugasemdir við það. Er því ljóst að sönnunarbyrði hvílir á þeim sem vilja halda því fram að með orðunum „af Frakklandi“ hafi Ari átt við annað landsvæði en Frakkland. Er því rétt að byrja á því að skoða hvað það er sem Magnús Már hefur fyrir sér og hvaða rök hann færir fram.

Magnús Már Lárusson setti þessa hugmynd fram í grein um Gizur Ísleifsson í *Kirkjuritinu* árið 1967 og fjallar um þann öndvegismann sem hann velur mann aldarinnar elleftu. Greinin er eins og vænta mátti snilldarlega skrifuð af miklum fróðleik, enda hefur Magnús Már ætíð brugðið nýju ljósi á erfið og dulin efni þannig að eftir hefur verið tekið og hlotið almenna virðingu. Einmitt þess vegna hefur hugmynd hans um nám Sæmundar fróða hlotið svo mikið fylgi.

Gizur mun fæddur 1042 og því fjórtán árum eldri en Sæmundur, sem fæddist 1056, árið sem Ísleifur Gizurarson tók vígslu í Brimum. Ísleifur hafði verið sendur til læringar hjá abbadísinni Godesti í nunnuklaustrinu í Herfurðu við Weserfljót í Saxlandi. Segir Magnús Már að klaustrið hafi á elleftu öld verið frægt sem skólasetur, en það hafi verið stofnað 838. Ísleifur hafi verið fyrsti Íslendingur sem vitað sé um að hafi stundað skólánám á evrópska vísu þeirrar tíðar.

Hungurvaka segir Gizur lærðan á Saxlandi og báðar gerðir Jóns sögu helga segja hann lærðan í Herfurðu. Er líklegt að faðir hans hafi komið honum í sama klausturskóla og hann hafði sjálfur í verið. Rekur Magnús Már að Ísleifur kynni að hafa haft Gizur með sér í för til vígslu, en Gizur

var þá 14 vetra, en að venja hafi verið að drengjum væri komið yngri fyrir í skólum nunnuklaustra, eða sjö vetra. Brimar eru við ósa Weserfljóts.

Ísleifur biskup andaðist 5. júlí 1080. Þá var Alþingi lokið það árið og biskupskosning látin bíða næsta árs. Gizur var ekki á landinu og kom út um alþingistíma 1081 og var beðinn utanferðar. Hlaut hann vígslu eftir fund við Gregoríus VII páfa 1082, sem skipaði svo fyrir að Harðvíg erkebiskup í Magðaborg á Saxlandi skyldi vígja hann, en erkibiskupinn í Brimum var í banni páfa vegna stuðnings við keisarann, Heinrek IV.

Magnús Már rekur sögu Gizurar skilmerkilega og skemmtilega eins og vænta mátti. Telur hann mesta afreksverk hans vera að honum tókst að fá tíund tekna í lög 1097. Til þessa verks hafi hann notið aðstoðar lögsögumannsins og skáldsins Markúsar Skeggjasonar og Sæmundar prests hins fróða, „er Hungurvaka segir bæði forvitri og lærðan allra manna best.“ Víkur þá sögunni til umfjöllunar Magnúsar um Sæmund.

Eftir að hafa lýst Markúsi Skeggjasyni, sem sennilegt sé að Gizur hafi stutt til lögsögumannskjörs 1084, æðsta embættis veraldlegs þjóðveldis, sem hann hafði á hendi í 24 sumur, snýr Magnús Már sér að Sæmundi, og er rétt að taka hér orðrétt kaflann um nám hans:

Það er einkennandi, að Sæmundur var einnig við nám á meginlandinu, að því er yngri heimildir herma: á Frakklandi. En eigi er það víst að þá sé átt við Frakkland, sem nú er. Miklu fremur hygg ég það vera Franconiu eða Franken, sem sé sunnan við Saxland og aðallega þó Efri-Rínar svæðið. En það skal þó tekið fram, að hér er um tilgátu að ræða, sem engan veginn er þó ósennileg. Því sérkennilegt er, að öll þau elztu bókabrot af messusöng, sem mér eru kunn, eru skrifuð sérstakri gerð nótta, er neumur nefnast, sem tíðkuðust um Rínar-svæðið. Fæst þá og samhengi við það, sem kunnugt er um verzlunarleiðir elleftu aldar til meginlandsins til árósa Saxelfar, Weser og Rínar ...⁶

Annað segir Magnús Már ekki um nám Sæmundar. Reyndar er smákafli rétt á undan í greininni, þegar hann fjallar um mannkosti Gizurar, sem einnig er rétt að taka upp orðréttan samhengisins vegna:

Einkum segir Jóns saga hann lærðan í stjörnuíþrótt. Hann fæddist 1044 eða 6, en kom heim úr skóla 1076 og þótti svo mikil tíðindi, að Ari getur þess í Íslendingabók. Löngu síðar er hann ráðunautur biskupa við setningu Kristins réttar forna á 3. tug 12. aldar og honum og biskupunum tveimur sýndi Ari fróði Íslendingabók til umbótar. Því urðu biskupsár hans farsæl.⁷

⁶ *Kirkjuritið*, 33 (1967), s. 358.

⁷ s.st., s. 357.

Hér er eitthvað málum blandið. Gizur kom ekki heim úr skóla 1076 heldur Sæmundur og þess er ekki getið í Íslendingabók hvenær Gizur kom út. Magnús Már telur sjálfur, eins og fleiri, að Gizur hafi verið vígður til prests ungur, um 1060, þá átján ára. Gizur lést 1118. Þegar þessi tilvitnaða grein er skoðuð er augljóst að Magnús Már slær á þessum stað saman Gizuri og Sæmundi og er Sæmundur hér orðinn að Gizuri. En það er litlu síðar sem Magnús Már vísar að námi Sæmundar, eins og að framan er rakið, og það eru þau orð hans sem hér skipta meginmáli.

Rök Magnúsar Mús fyrir því að Ari eigi við Franconiu en ekki Frakkland eru eingöngu þau er lúta að nótunum við messusönginn, auk ábendingar um helstu siglingaleiðir upp árnar inn í meginland Evrópu. Þetta eru vitanlega engin rök fyrir því að það hafi verið Sæmundur, sem hafði þessi áhrif, það gæti hver annar, sem þarna hafði dvalist eða átt leið um, hafa gert.

En stóra málið er auðvitað: Hvers vegna ætti *Frakkland* hjá Ara að vera Franconia? eru einhverjar líkur fyrir því yfirleitt? Hvað var Frakkland á þessum tíma? Einmitt þessu veltir Peter Foote prófessor fyrir sér í grein sinni „Aachen, Lund, Hólar“.⁸ Verður hún nú skoðuð.

3.

Peter Foote kveðst vilja íhuga vandamál eins og „Hvar var Frakkland snemma á miðöldum?“ og ræða nokkur vanrækt tengsl sem Íslendingar höfðu við meginlandið á þessum tíma. Stórt nafn í þeirri umræðu sé Jón Ögmundarson, fyrsti biskupinn á Hólum. Hann hafi fæðst 1052, verið vígður biskup 1106 og dáið 1121. Fyrir þá sem bjuggu á Englandi á þessum tíma hafi nýjungar í menningarmálum komið frá Frakklandi, það hafi verið stóri nágranninn, stærri en aðrir, auk þess sem Frakkland hafi verið eina nálæga samfélagið sem hafi getað framleitt slíkar nýjungar.

En hugsíð yður stöðu Íslands á elleftu öld, fyrstu öld eftir kristnitöku. Vér höfum enga ástæðu til að telja að Norðmenn og Svíar hafi staðið á hærra menningarstigi en Íslendingar, en þeir hefðu getað miðlað alls kyns áhrifum, jafnvel þáttum austrænnar kristni frá Slövu og Miklagarði. Danmörk hafði sannarlega þróast meira með vestrænni kristinni menningu, og Þýskaland, Frakkland, England og Írland þróast meira hvert á sinn hátt.⁹

⁸ Foote, Peter. *Aurvandilstá. Norse Studies*. 1984, s. 101–120.

⁹ s. st., s. 104. (Þýðingin er mín)

Foote ræðir Jón helga og Ísleif og bendir á varðandi menntun þess síðarnefnda í Herfurðu í Vestfalen, sem hljóti að hafa kostað sitt, að skyldleikinn við Ólaf konung Tryggvason hafi þar hjálpað til. Gizur hafi tekið við biskupsdómi eftir lát föður síns og haft mikil áhrif á sinni tíð, gefið Skálholt til biskupsstóls, komið á tíund og stofnað annan biskupsstól á Hólum. Eftir að hafa rætt um Jón helga og Markús Skeggjason lögsögumann kemur Foote loks að Sæmundi prest. Hann rekur orð Ara í Íslendingabók, Jóns sögu helga og síðari sögur um Sæmund og námsdöl hans í Oddaverjaannál sextánda aldar, og segir spurninguna snúast um hvað Ari hafi átt við með *Frakklandi*.

Frakkland hlýtur að hafa verið óljós stærð fyrir norræna menn, sem hefur markast að nokkru af landafræði, að nokkru af stjórnmálum og að nokkru af tungumálinu. Sennilega er einfaldast að skilgreina það sem landsvæðið sem markaðist að vestan og norð-vestan af Vallandi (Normaní og lægra Signu-svæðinu), Flæmingjalandi (Flanders), Frislandi (Frisia), að norð-austan af Saxlandi að suðaustan af Langbarðalandi (Lombardi).¹⁰

Hann segir landið hafa eðlilega náð yfir hið smáa konungdæmi frónsku konunganna, Capetinganna, en hafi einnig getað náð yfir önnur landsvæði, svo sem Búrgund í austri og Lóthringen í norðri og norðaustri. Hann vísar í ýmsar heimildir, og bendir á að *Frakkland* sé ekki algengt nafn, það komi aðeins fyrir einu sinni í Heimskringlu, í sambandi við *Frakka* í Velleklu Einars skálaglamm. Rín hafi markað landamæri milli *Saxlands* og *Frakklands* og *Frakkland* hafi endað þar sem *Frisland* hófst á ósum Rínar. Það þýði að miðja hins gamla ríkis Karlamagnúsar umhverfis Aachen og Liège-biskupsdæmið, þar sem bæði rómanska og frakkneska voru töluð, gæti talist vera í *Frakklandi*. Ljóst sé því að við séum ekki bundin við að hugsa um hið eiginlega Frakkland sem svæðið, sem Sæmundur hafi heimsótt.

Peter Foote bendir á að vitað sé af einu öðru dæmi um notkun orðsins *Frakkland* í heimild frá sama tíma og Íslendingabók, í 26. vísu í erfídrápu Markúsar Skeggjasonar lögsögumanns um Eirík góða Sveinsson Danakonung, sem komst til valda árið 1095 en lést á Kýpur árið 1103 á leið sinni til landsins helga. „Hvað sem því líður,“ segir Foote, „getum vér auglýnilega ekki gefið oss, eins og yfirleitt er gert, að Sæmundur hljóti að hafa verið í skóla á frægum stað í Vestur- eða Mið-Frakklandi, Bec og

¹⁰ s. st., s. 115

Vorrarfrúar skóli í París hafa verið nefndir, fyrir einhvern hugsanlegan ensk-normannskan eða norskan tilverknað. “Engin þörf sé á því að ætla að hann hafi villst svo langt af leið þeirra Ísleifs, Gizurar og Jóns Ögmundarsonar sem hann þekkti að heiman og hafði mikið samstarf við. Verið geti að Ari hafi átt við Frakkland sjálft þegar hann talaði um að Sæmundur hafi komið sunnan af *Frakklandi* en eins líklegt sé, og jafnvel líklegra, að hann hafi átt við Búrgund, Lóthringen, Elsass, bakka Meuse eða Mósél eða vinstri bakka Rínar. Enginn skortur hafi verið á framúrskarandi skólum á elleftu öld í kirkjudæmunum Besançon, Trier og Köln, og Liège hafi verið þar framarlega. Hér vísar Foote neðanmáls í Jóns sögu helga og söguna af flóttu Sæmundar. Af henni sé freistandi að hugsa sér hann með frægum kennara eins og Odo, sem var skólaspekingur í Toul og síðar, frá 1087, í Tournai. Hann lærði nemana í þrætubókarlist og las með þeim Boethius en sat að því loknu á kvöldin úti í garði með þeim fremstu og skýrði fyrir þeim gang himintunglanna.

Peter Foote bætir við að sagan um að Jón hafi fundið Sæmund bendi ekki til að höfundurinn hafi talið skóla Sæmundar vera í hinu eiginlega Frakklandi. Eðlilegt sé að áætla að hann hafi talið Jón hafa verið á einni af venjulegum leiðum norður frá Róm. Leiðirnar séu þekktar úr Leiðarvísi Nikuláss ábóta frá 1150 og aðalleiðirnar til Rómar liggi frá Danmörku yfir Þýskaland og Alpana. Ein heimild frá miðöldum segi að frá Jótlandi sé farið fótgangandi yfir *Saxland* og *Frakkland* um Langbarðaland til Róm- ar.¹¹ Af þessu megi álykta, að enda þótt leiðirnar hafi legið fyrir norðan og austan hið eiginlega Frakkland, hafi Jón samt sem áður á einni þeirra getað hitt Sæmund í *Frakklandi*.

Í lokaorðum vísar Foote í fyrrgreinda grein Magnúsar Más í *Kirkjurit- inu*, að hann hafi sett fram þá tilgátu að það Frakkland sem Sæmundur hafi numið í væri Franconia, „sunnan við Saxland og aðallega þó Efri-Rínar svæðið.“ Þetta gæti verið, segir Foote, en það passi þó ekki við landafræði þá sem hann hafi rakið í sinni grein.

Ef tekin er saman niðurstaða Foote um spurningu þessa greinarkorns má segja að hann færi fram rök fyrir því að ekki sé ljóst hvað Ari eigi við með *Frakklandi*, þar sem dæmi séu um að norrænir menn hafi með því átt við lönd austan og norðan við hið eiginlega Frakkland. Þetta er allt vel at- hugað. Ábending hans er sú að *Frakkland* hafi á þessum tíma getað verið

¹¹ Hér vísar Foote í *Alfræði íslenzk* I. 1908, 44/22–24 þar sem segir: „Af Jotlandi er fæti farit um Saxland ok Frackland, um Langbardaland til Romaborgar.“

misstórt landsvæði: Í fyrsta lagi aðeins lönd Frakkakonungs sjálfs í kringum París, í öðru lagi að viðbættum aðliggjandi hertoga- og greifadæmum, og í þriðja lagi gætu aðliggjandi lönd að Rín, þar sem skyld mál hafi verið töluð, hafa talist til Frakklands.¹² Vert er að ítreka að í engri þessara ábendinga er gert ráð fyrir því að hérað í Mið-Þýskalandi, fyrir sunnan Saxland, sem hét Franconia og heitir nú Franken, og þar sem germönsk mál voru töluð, hafi getað talist til Frakklands.

4.

Rétt er að rifja nú upp almennan fróðleik sögunnar og landafræðinnar um hvaða landsvæði sé að ræða og hvernig þau hafi verið á námsárum Sæmundar. Hann fæddist 1056, og hefur væntanlega verið sendur til náms um fjórtán ára aldur, um 1070. Hann kom út aftur einhvern tímann á árunum 1076 til 1083, sennilega á fyrri hluta þess tímabils, þá um eða yfir tvítugt. Sex til átta ár utanlands við nám á þessum tíma voru langur tími, og ekkert spurðist til hans þar til Jón Ögmundarson fann hann og spandi út með sér. Virðist það benda til þess að Sæmundur hafi unað glaður við sitt og allt eins getað hugsað sér að vera áfram við námið, eins og títt er um unga menn við nám á góðum stað.

Keisaradæmi Frankanna hafði á sínum tíma náð yfir meginland Evrópu, hina fornu Gallíu, Germaníu og Saxland og suður á miðja Ítalíu, og var kallað Frankia, Frankaríki. Norrænir menn hafa kannski á 9. öld kallað það *Frakkaveldi*, *Frakkaríki* eða *Frakkland*, eða kannski einungis Íslendingar, þar sem aðrar þjóðir kalla það Frankaríki á sínum tungum.¹³ Eftir daga Karlamagnúsar var þessu mikla ríki skipt upp.

Við skiptinguna, sem samið var um í Verdun 843, hafði Karl sköllótti hlotið vesturhlutann, vestfrankneska ríkið, sem eftir það var kallað Vestur-Francia eða Francia, Loðvík þýski austurhlutann, austfrankneska ríkið, þar sem bjuggu germanskar þjóðir eingöngu og varð að Þýskalandi og lærðir menn fóru brátt að kalla Germanía, og Lóthar hafði hlotið miðríkið og nefndist nyrðri hlutinn eftir honum, Lóthringen. Skiptingin í Verdun

¹² Sjá og grein Sverris Tómassonar. „Fyrsta málfræðiritgerðin og íslensk menntun á 12. öld.“ *Tímarit Háskóla Íslands*, nr. 3, 1. tbl. 3. árg. 1988, s. 78.

¹³ Sbr. landalýsingu sem prentuð er í *Alfræði íslenzk* I, s. 11, og bæði Peter Foote og Sverrir Tómasson vísa til: „Fyrir norð[an] fjall [e]r til austrs Saxland en til útsuðrs Frak[land] ... Rín heitir á mikil er fellr í norðr frá Mundio á mi[lli] Saxlandz ok Fraklandz.“

milli vestur- og miðhlutans hafði verið dregin eftir ánum Meuse, Schelde, Saône og Rhône, án tillits til málsvæða, enda urðu þau landamæri ótrygg. Í löndum Loðvíks þýska mæltu menn eingöngu á germanska tungu, theodisce, þó að mállýskur væru þar margar. Í ríki Karls sköllóttá var völsk eða rómönsk tunga töluð, en latína var þá aðeins mál lærðra manna. Í löndum Lóthars var þjóðerni og tungur mjög margbreytt, enda stóð ríki hans mjög skamma stund, eins og Páll Melsteð kemst að orði.¹⁴ Skipting var enn gerð árið 870 og aftur 880, og þá náði austfrankneska ríkið yfir miðríkið Lóthringen að vestfrankneska ríkinu.¹⁵

Á 10. öld var svo komið að vestur- og austurhlutar hins forna frankaríkis Karlunga höfðu þróast í konungsríkin Frakkland í vestri og Þýskaland í austri. Um þessar mundir voru fimm þjóðflokkar uppi í Þýskalandi, og eftir þeim skiptist ríkið í fimm hluta, og var sinn hertogi yfir hverjum. Þessir ríkishlutar voru Saxland með Þýringalandi (Thyringen), Franken (Franconia) við Mið-Rín og Main, Bæjaraland, Sváfaland (Swabia) eða Alemannia, og Efra- og Neðra-Lóthringen.


Hertogadæmin Lóthringen lágu að konungdæminu Frakklandi að norðaustan. Konungdæmið Frakkland skiptist í hertogadæmin Bretagne, Normandí, Búrgund á vesturbakka Rhône, Akvitaníu og Gaskóníu, svo og greifadæmin Flandur eða Flæmingjaland, Kampaníu (Champagne), Anjou og nokkur greifadæmi í suðri, sem þar lágu að Miðjarðarhafi. Það sem hér skiptir máli er að af kortum að dæma verður ekki annað séð en að landamæri milli þessara konungdæma hafi verið skýr, og fyrir álitafni þessarar greinar skiptir mestu, að greifadæmin Flandur við Ermarsund og Kampanía þar fyrir sunnan teljast til Frakklands en hertogadæmin Neðra- og Efra-Lóthringen handan landamæranna til Þýskalands, en þau voru þrætulönd. Búrgund og Provence, syðri hluti leifanna af gamla miðríkinu, voru undir vernd Þýskalandskeisara, en lönd hans náðu niður á miðjan Ítalíuskaga. Lóthringen lá að Rín og handan Rínar í austri voru Franken og Swabia. Þannig skipti Rín ekki löndum milli Frakklands og Þýskalands á þessum tíma, heldur var hún langt inni í Þýskalandi. (Mynd 1)

Menn gerðu þá og hafa alltaf gert greinarmun á Frakklandi og Franconiu, enda um tvö aðskilin landsvæði að ræða sem lutu mismunandi

¹⁴ Páll Melsteð. *Miðaldasagan*. 1866, s. 24.

¹⁵ Arnold, Benjamin. *Medieval Germany 500–1300. A Political Interpretation*. 1997. Þar er því lýst hvernig Lóthringen hafi slitið sig frá konungdæminu 911 og tengst austfrankneska ríkinu en Heinrekur I hafi náð því aftur 925, s. 38. Hann bendir og á að í heimildum sé Lóthringen oft nefnt Gallia, s. 8.

HVAR NAM SÆMUNDUR FRÓÐI?



Mynd 1

stjórnnum og ólík mál voru töluð í. Á elleftu og tólfstu öld var Frakkland kallað Francia á latínu en Franconia eða Franken var lén sunnan Saxlands, eins og Magnús Már réttilega segir, og heyrði því keisaradæminu til en ekki Frakklandi. Það var nánast miðhluti Þýskalands, með Lóþringen að vestan og Swabíu og Bæjaraland að sunnan. Hertogadæmið Franconia var þegar á þessum tíma mikill og merkur hluti keisaradæmisins, eins og aðliggjandi hertogadæmi, sem öll töldust til keisaradæmisins. Sennilega hefði orðið uppi fótur og fit við hirð þýska keisarans á elleftu öld ef konungur Frakka hefði sagt Franconiu tilheyrta Frakklandi.

5.

Eins og Peter Foote bendir á var Frakkland á elleftu öld oft aðeins talið lönd Frakkakonungs kringum París, Île de France. Konungurinn var þó konungur Frakklands og ríkti yfir öllu landinu. Hann hafði sem slíkur nánast engin völd og titillinn varla meira en nafnið tómt. Einar Már Jónsson lýsir því þannig í ritgerð sinni um Abelard og samtíma hans,¹⁶ að konungum af ætt Capetinga hafi tekist að ná persónulegum völdum yfir allstóru héraði milli Parísar og Orléans og kringum þær borgir sem þeir drottnuðu yfir sem lénsheerrar. Lönd konungs voru vel staðsett og gáfu mikið af sér. Völd Frakkakonungs höfðu minnkað vegna sífellds strandhöggs og árása á landið og ágangs villimanna úr norðri og austri. Landið allt hafði því skipst upp í nokkuð sjálfstæð greifa- og hertogadæmi, sem voru allt um kring lönd sjálfs konungsins og hétu sínum nöfnum og lutu sínum stjórn- um, Normandí fyrir norð-vestan, Flandur fyrir norðan, Anjou fyrir sunnan o.s.frv. Þessi skipting í *nations*¹⁷ ætti ekki að byrgja okkur sýn á að landið sjálft var á þessum tíma aðskilið frá nággranna sínum í austri, sem laut annarri stjórn, og þar var töluð önnur tunga.

Skoðum lítillaga austurhlutann, Þýskaland. Valdamestu og ríkustu höfðingjar Evrópu á tíundu og fyrri hluta elleftu aldar voru konungar austurhluta Frankaríkis, það sem nú er Þýskaland og Norður-Ítalía. Ottó mikli ríkti 936 til 974. Hann tók upp keisaratitilinn að nýju og hófst þar hið Heilaga rómverska keisaradæmi sem Napoleon Bónaparte lagði niður

¹⁶ Einar Már Jónsson. *Abelard og Heloísa: Hrakfallasaga — Bréf*. 1997, s. 116–119.

¹⁷ DUBY, Georges. *France in the Middle Ages 987–1460*. 1991, s. 22–30. Mynd 1 byggir á uppdrætti úr bókinni. Um *þjóðir*, sjá grein Sverris Jakobssonar. „Hvers konar þjóð voru Íslendingar á miðöldum?“ *Skírnir* 173 (vor 1999), s. 111–140.

1806. Konráð II var kosinn konungur 1024 og ríkti til 1039 og var fyrstur af hinni salversku konungætt. Heinrekur III ríkti 1039 til 1056. Hann var krýndur keisari. Hann hitti skömmu síðar nafna sinn Hinrik I Frakkakonung, sem krafðist þess að keisari léti laust við sig Lóthringen, með því að keisarar Þýskalands hefðu til forna náð því undir sig með vélum. Keisarinn kvaðst eigi myndu þrátta lengi við hann um landið en hitt bauð hann konungi að ganga til einvígis við sig þegar í stað. Þá féllust Frakkakonungi hendur og beið ekki boðanna og hélt heim á leið næstu nótt.¹⁸ Heinrekur IV tók við konungdómi fimm vetra gamall eftir föður sinn 1056 og ríkti til 1106.

Lítum á vesturhlutann, Frakkland. Filippus I varð konungur Frakka árið 1060 og ríkti til 1108. Á þeim tíma var hertoginn í Normandí völdugur og gerði tilkall til ensku krúnunnar, með þeim afleiðingum að mesti viðburður þessara tíma, innrás hans í England og sigur á Haraldi konungi við Hastings, varð 1066. Filippus konungur bætti nokkrum héruðum við lönd krúnunnar og leysti deilur þær sem staðið höfðu við páfann. Capetingar héldu því góðum tengslum við páfastól, gagnstætt Þýskalandskeisurum, og studdu páfa í deilum hans við keisarann og fengu í staðinn stuðning kirkjunnar. Enda þótt Frakkland væri sundurgreint í mörg smáríki var annað sem hélt því saman, svo að landið var þó ein heild: það var sameiginleg vörn gegn árásum útlendra fjandmanna, hin frakkneska tunga, sem um þessar mundir ruddi sér til rúms á öllu Frakklandi, þótt kirkju- og lagamálið væri latína, og þó mismunur væri allmikill á tungu manna norður og suður í landi. Hið þriðja sem sameinaði landið var kirkjan, hinir völdugu erkibiskupar sameinuðu fólkið í öllum fylkjum undir ein og sömu andleg yfirráð. Loðvík 6. tók við konungdómi í Frakklandi 1108 og ríkti til 1137, nokkrum árum eftir að Ari ritaði Íslendingabók. Lóthringen var sífellt bitbein Frakka og Þjóðverja. Þar hafa allar helstu orrustur milli þessara landa verið háðar æ síðan.

6.

Í öllum söguritum og kortabókum er landamærum Norðaustur-Frakklands og Þýskalands á þessum tíma, námsárum Sæmundar, lýst svo að þau séu austurmörk Flandurs og Champagne.¹⁹ Þar fyrir austan tók við Frisland

¹⁸ Páll Melsteð 1866, s. 40.

¹⁹ Sjá t.d. *Muir's Historical Atlas, Medieval and Modern*. 11. útg. 1969, s. 10–11, 16–17. *Westermann Grosser Atlas zur Weltgeschichte*. 9. útg. 1976, s. 58–64. Matthew, D. *Atlas of Medieval Europe*. 1986, s. 75, 80, 94. *Saga mannkyns*. Ritröð AB, 4. bindi. 1989, s. 263. *Heimssöguatlas Íðunnar*. 1996, s. 89, 98.

við Norðursjó, en Lóthringen og Brabant og síðan Efri-Lóthringen til suðurs, landshlutar sem nú teljast Belgía í norður en hlutar Frakklands við Meuse fyrir sunnan. Þar er Verdun við ána Meuse. Næsta á í austri er Mósél og þar er borgin Metz. Neðar við ána er Treversborg (Trier) og enn neðar Köln, og er þar komið í hjarta ríkis Karlamagnúsar með höfuðborg hans. En ofar við ána Mósél, á landamærunum, er borgin Toul með biskupsstól þar sem Peter Foote sagði meistarann Odo hafa kennt á námsárum Sæmundar.

Þeir sem þarna lifðu og dvöldust vissu í hvaða landi þeir voru. Í hinum ýmsu héruðum Frakklands lifði ætíð hugmyndin um France, la douce France, og konungar Capetinga héldu henni mjög á lofti í tilraunum sínum til að sameina ríkið. Christopher Brooke gengur svo langt að fullyrða að það hafi einmitt verið tungan sem sameinaði Frakka og leyfði þeim að tala um „la douce France“ og skapaði landamæri tungumála milli frönsku og þýsku. Þetta hafi verið einu landamæri tungumála sem hafi samræmst stjórnskipan landa og þjóðlegri hugsun íbúanna.²⁰

Vel getur því verið, og ekki nema eðlilegt, að í fjarlægum löndum hafi hugmyndir manna um hvað væri Frakkland ekki verið nákvæmar eða skýrar, eins og dæmin sanna og Peter Foote hefur rakið ýtarlega. En það verður ekki sagt um þá sem lifðu í nærliggjandi löndum, og ekki heldur um þá sem höfðu dvalist um lengri tíma í Þýskalandi eða Frakklandi, þeir vissu í hvaða landi þeir voru. Ísleifur og Gizur sonur hans höfðu báðir numið í Saxlandi og þekktu þar vel til, og það var vel vitað heima á Íslandi. Þegar Ari ritaði Íslendingabók nefndi hann helstu atburði og þeirra á meðal að Sæmundur hafi komið sunnan af Frakklandi hingað til lands. Ari þekkti vel þessa menn alla, Ísleif og Gizur, Jón Ögmundarson og Sæmund, og vann með þeim. Hann var vel menntaður sagnfræðingur, hafði lesið erlend sagnfræðirit og var að rita hið fyrsta um sögu Íslendinga. Hann leitaði bestu heimilda og vandaði sig í alla staði. Sæmundur er einn af heimildarmönnum hans við gerð Íslendingabókar.

Eftir að Sæmundur kom heim hefur hann sagt frá námi sínu og ferðum. Hann hefur sagt frá þessum suðlægu löndum. Þar hafa menn heyrt um löndin Frakkland og Þýskaland, konunga, keisara, biskupa og páfa, kirkjur, hallir, klaustur og skóla, bækur og erlenda siði yfirleitt. Þeir Gizur, Jón og Sæmundur hafa borið saman bækur sínar um þessa hluti, eins og svo margt annað. Þess vegna hafa margir aðrir heyrt um þessi lönd í suðri og gert sér ýmsar hugmyndir um þau. En þegar Ari ritar Íslendingabók er hann ekki með neinar tilgátur eða vangaveltur í þessum efnunum.

²⁰ Brooke, Christopher. *Europe in the Central Middle Ages 962–1154*. 1975, s. 65.

Hann sýndi ritið biskupunum báðum og Sæmundi. Í einni setningu var hann að segja frá því að Sæmundur hafi komið frá Frakklandi, en ekki frá öðrum stöðum eins og Saxlandi, þar sem feðgarnir höfðu verið. Hann vildi segja hvar Sæmundur hefði numið, það var mikilsvert. Hefði Sæmundur í raun numið í Mið-Þýskalandi, Franconiu eða annars staðar nálægt Rín eða Mósel, hefði hann sagt það. Ef við höfum nokkra hugmynd um Ara og störf hans þá vitum við að nákvæmni og sannsögli var hans lífsregla. Hvers vegna ættum við þá að efast um að hann fari þarna með rétt mál? Vegna þess að dæmi eru um að menn hér á landi eða í Noregi hafi notað orðið Frakkland yfir önnur svæði en voru í raun í Frakklandi á þessum tíma? Vegna þess að samtímamaður þeirra, Markús Skeggjason lögsögumaður, hafi notað orðið í vísu um Þýskaland eða Frankaríki? Þetta eru ekki rök fyrir því að Ari hafi ekki notað nafnið yfir landið Frakkland. Hann var að nota það á annan hátt en þessi dæmi sýna. Hann hafði þetta beint frá Sæmundi sjálfum, sem vissi í hvaða landi hann hafði verið. Af þessu verður að draga þá ályktun að Frakkland hjá Ara hafi í raun þýtt Frakkland og að þeir sem haldi öðru fram verði að færa fram haldgóð rök.

Hver eru þá rökin?

- 1) Að Sæmundur hljóti að hafa numið á svipuðum slóðum og feðgarnir Ísleifur og Gizur á undan honum, og að sagan um fund Jóns á leið hans frá Róm bendi einmitt til þess.

Þessu er til að svara að hefði Sæmundur numið á svipuðum slóðum og feðgarnir hefðu það ekki þótt sérstök tíðindi. Með fullri virðingu fyrir klausturskólanum í Herfurðu var hann ekki frægur sem lærdómssetur á þessum tíma, þau voru annars staðar og aðallega í Norður-Frakklandi. Og sagan af Jóni þótti merkileg vegna þess að hann hefur þurft að leita Sæmund uppi og finna hann, hann var ekki á alfaraleið manna til og frá Róm. Sæmundur hefur einmitt verið þar sem Íslendingar eða norrænir menn áttu ekki almennt leið um. Þetta var eitt af því sem talið var Jóni Ögmundarsyni sérstaklega til ágætis og átti að gera hann tækan í dýrlingatölu, þetta hefur verið sérstakt afrek. En hafi Sæmundur verið í Reims, Laon eða þar um kring var reyndar ekki svo ýkja langt úr leið frá Metz þangað yfir Verdun, en Metz var á einni af leiðum Nikuláss ábóta. Þeir Jón og Sæmundur voru nánast jafnaldrar, sveitungar og æskuvinir.²¹ Það var vinarbragð að leita uppi þann sem ekkert hafði spurst til lengi.

²¹ „... var þeirra í milli bróðrlig ást ok heilakt samþykki, enda var þeim um marga luti góða líkt farit.“ *Biskupa sögur* I. 1856, s. 157.

- 2) Nótturnar, sem Magnús Már nefnir, gátu aðrir en Sæmundur hafa komið með, t. d. Jón Ögmundarson eða kennarar hans á Hólum.
- 3) Að nafnið Frakkland hjá Ara þýði Franken eða Franconiu í Mið-Þýskalandi. Þessi rök hafa sérstaklega verið rædd hér að framan og þeim hafnað.
- 4) Að Frakkland hjá Ara gæti náð yfir lönd allt að vinstri bakka Rínar, þar sem frakkneska var töluð, t. d. Liège. Þessu er til að svara, að á þessum tíma heyrðu þessi þrætulönd, Lóthringen, til Þýskalandi og höfðu gert allt frá 880 og endanlega frá 925, eins og sagan af Heinreki III keisara og Hinrik I Frakkakonungi einmitt segir.²² Ólíklegt er því að íbúar þessara landsvæða hafi talið sig búa í Frakklandi sjálfu.

Niðurstaðan er því sú, að Ari fróði hafi sagt rétt til um að Sæmundur hafi komið sunnan af Frakklandi, og að hann hafi átt við Frakkland það sem þá var og enn er svo kallað, France, þar sem töluð var frönsk tunga. Það er ekkert sem bendir til að Ari segi ekki rétt til um þetta frekar en um annað sem hann hefur skrifað. Enda eru sérkennileg orðin sem Magnús Már notar um heimildina, að kalla Íslendingabók „yngri heimildir“ og gera þannig lítið úr henni, bókinni sem allt byggist á og Sæmundur sjálfur las yfir. Ari segir frá þessu af því að það voru tíðindin, þetta þótti merkilegt, sem það svo sannarlega var. Það var merkilegt að Sæmundur hafði numið í Frakklandi vegna þess að á þessum tíma voru þar frægustu skólarnir og þar lærðu menn fræði sem ekki lærðust annars staðar.²³

Þá er komið að næstu spurningu sem margir hafa áður spurt: Hvar í Frakklandi er líklegt að Sæmundur hafi numið?

7.

Einmitt á þessum tíma gerðist það, sem var nýmæli, að fróðleiksfúsir námsmenn fóru skóla úr skóla, fóru á milli þar sem meistara var að heyra.

²² Sjá í 5. kafla hér að framan. Aachen er á milli Liège og Kölnar, og þá er komið á þýskt málsvæði.

²³ Hér má bæta við. Á þessum tíma var Frakkland kallað Francia á latínu og heitir það enn á ítölsku. Ari ritar *Frakkland*, sem það hefur á okkar máli heitið æ síðan, ekki Frankaríki, eins og það fór að heita á öðrum norrænum málum, en France á ensku og sínu eigin máli einnig. Hér kemur einmitt til viðbótar að Markús Skeggjason hafi notað orðið *Frakkland* í ljóði sínu. Það bendir til að nafnið sem slíkt hafi verið þekkt og notað af Íslendingum, ef til vill þegar á 9. öld, um Franciu, Frakkaveldi, sem þá var, og síðar um hið eiginlega Frakkland þegar það hafði orðið til.

Þeir flyktust úr Englandi, Þýskalandi, og sunnan úr álfu frá Ítalíu og Grikklandi, allir einmitt til Frakklands, þar voru þekktustu meistarnir. Sæmundur var við nám á árunum 1070 til 1078. Hvaða skólar voru á þeim tíma einmitt þekktir sem lærdómssetur á þeim stöðum sem hann gæti hafa verið?


Dómskólarnir í Norður-Frakklandi voru helstu skólar Evrópu á tíundu og elleftu öld. Þegar 972 lærði Gerbert frá Aurillac við dómskólann í Reims og gerðist þar meistari sem dró til sín nemendur hvaðanæva úr álfunni. Einn þeirra var Fulbert frá Ítalíu sem varð meistari dómskólans og biskup í Chartres.²⁴ Richard Southern sýnir á uppdrætti, sem hér er birtur, bæi Norður-Frakklands, þar sem dómkirkjur og erkibiskupsstólar voru á árunum 980 til 1140.²⁵ Við hverja dómkirkju var skóli til þess að mennta klerka biskupsdæmisins. Á stærri stöðunum voru fleiri en einn meistari og þar urðu til skólar í lausari tengslum við kirkjuna, svo sem í París, Chartres, Reims og Laon. Auk þessa voru klaustrin með sína skóla. Þessir meistara lögðu grundvöllinn að kerfisbundinni fræðslu og fræðistörfum, sem bar að lokum ávöxt í París, þegar háskólinn þar komst á legg. Hér höfum við staðir, þar sem Sæmundur getur hafa numið. Nú er að finna hvaða staðir voru líklegastir einmitt á námsárum hans, á milli 1070 og 1080. (Mynd 2)

Skólar á þessum tíma fengu á sig frægðarorð af þeim meistara, einum eða fleiri, sem þar kenndi og gat frægd skólans því orðið skammvinn.²⁶ Einar Már Jónsson, sem hefur sérstaklega rannsakað sögu Parísarborgar um aldamótin 1100, segir t.d. að það hafi verið kennsla Vilhjálms af Champeaux sem dró Abelard til Parísar á þessum tíma. Vilhjálmur var nemandi Anselms í Laon og hóf að kenna í París um 1090, eftir að Sæmundur var farinn heim. Fátt annað hafi þá verið að sækja í þessa litlu

²⁴ Hann dró einnig að sér nemendur hvaðanæva úr Evrópu. Einn nemenda hans, Berengar, tók við af honum eftir lát hans og kenndi í skólum í Angers og Tours og dró þangað nemendur. Einn af nemendum hans var Lanfranc sem gerðist munkur í klaustrinu í Bec. Þar stofnaði hann skóla í biblíuskýringum, rökfræði og málfræði og til hans flyktust nemandur hvaðanæva úr álfunni. Hann hætti kennslu 1063. Meistari Anselm var þá í dómskólanum í Laon og þangað flyktust þá nemarnir frá því um 1070 þar til hann lést 1117. Á þessum sömu árum fékk meistari Bernard í Chartres til sín talsvert af nemendum, aðallega í málfræði, þar til hann lést 1124.

²⁵ Southern, R. W. *Scholastic Humanism and the Unification of Europe*. 1995, s. xix. Í ritinu tekur Southern meðal annars sérstaklega fyrir lögfræðina á þessum tíma.

²⁶ Í grein Sværris Tómassonar 1988 er góð lýsing á skólum og menntun á 12. öld, sjá 12. nmgr.



Mynd 2

borg með 2500 til 3000 íbúa, sem náði vart yfir meira en eyjuna í miðri Signu, Île de la Cité. Einar Már segir Vilhjálm hafa verið viðfrægan meistara í rökfræði, en hann virðist hafa verið fyrsti kennarinn sem varpaði einhverjum ljóma á staðinn. Þess vegna telur hann sáralitlar líkur á því að Sæmundur fróði hafi til Parísar komið, þangað hafi hann ekki átt neitt erindi,²⁷ og minnir á að Sorbonne hafi ekki verið stofnaður fyrr en 1257.

Helgi Guðmundsson prófessor tekur þessa spurningu fyrir í bók sinni *Um haf innan* og giskar á hvenær Sæmundur hafi farið utan til náms.²⁸ Afi Ara, Gellir Þorkelsson á Helgafelli við Breiðafjörð, hafi verið ríkur kaupmaður (1008–1073) og hugsanlega stundað verslun með verðmæta vöru frá Grænlandi til Orkneyja og Bretlandseyja, en náhvalshornin hafi verið afar verðmæt, talin gersemi. Gellir fór til Rómar en dó í Danmörku 1073 á heimleið. Talið er að hann hafi haldið utan 1071 eða 1072. Þá hefur Sæmundur verið 15 eða 16 ára. Spyrja megi, hvort Gellir hafi ekki verið beðinn um að taka Sæmund með sér þegar hann gekk suður.

Helgi setur fram tilgátu um að Sæmundur hafi verið í Anjou og þekkt rit um greifana þar. Hann bendir á að nafnið Kollur, sem er nafnið á Sæmundi þegar Jón spurði hann uppi, í íslensku þýðingunni af Jóns sögu helga, gæti verið Col í latneska textanum, en það var gælunafn þeirra sem nefndust Nicholas. Sennilegt sé að Sæmundur hafi tekið sér franskt nafn á námsárunum erlendis, en ekki notað sitt framandi nafn. Sæmundur helgaði kirkjuna í Odda heilögum Nikulási sem bendir til að hann hafi verið þar sem Nikulás var dýrlingur. Í Angers, höfuðstað Anjou, var Nikulásarklaustur stofnað 1020. Í Angers var á síðari hluta 11. aldar frægur skóli, og þar stunduðu t. d. margir Englendingar nám.²⁹ Fulk le Rechin var greifi í Anjou á þessum árum. Hann setti saman sögu greifanna í Anjou. Lærðir menn í Angers hafi því haft mikinn áhuga á sögu á þessum tíma.

Lítum norður til Normandí. Eiríkur Magnússon meistari í Cambridge setti fram þá tilgátu að Sæmundur kunni að hafa numið í klausturskólanum í Bec í Normandí, sem einmitt á námsárum hans var einn frægasti skólinn í öllu Frakklandi og nemar flykkust til hvaðanæva úr álfunni.³⁰

²⁷ Einar Már Jónsson 1997, s. 124–125, 258. Sæmundur gæti nú hafa heimsótt París, skárri væri það.

²⁸ Helgi Guðmundsson. *Um haf innan*. 1997, s. 328–333.

²⁹ Skólameistari var Marbod af Rennes, sem lærði hjá Rainald, sem var nemandi Fulbert af Chartres, sem hafði lært hjá Gerbert af Aurillac, sem síðar varð Sylvester páfi II, allt víðfrægir lærdómsmenn.

³⁰ Í grein í *Dagsskrá* I (1896), s. 135.

Var það vegna kennslu Lanfrancs og heilags Anselms sem báðir urðu erki-biskupar í Kantaraborg eftir sigur Vilhjálms sigursæla. Halldór Hermannsson segir að þetta gæti verið, en ekkert bendi þó til þess.³¹

Hér kemur aftur heilagur Nikulás, klaustrið í Bec var helgað honum. En svo er annað. Lanfranc var lögfræðingur frá Pavía á Ítalíu sem sóttist eftir að læra rökfræði og málfræði. Hann fór því norður til Frakklands og lærði í Tours áður en hann gerðist munkur í þessu afskekktu klaustri í Normandí. Kennsla hans varpaði ljóma á staðinn sem varð mikið fræðasetur og naut verndar sjálfs hertogans. Vilhjálmur hertogi fékk Lanfranc til að verða ábóti klausturs í Caen og varð hann eftir það einn helsti ráðgjafi hertogans. Eftir innrásina í England gerði Vilhjálmur hann að erkibiskupi í Kantaraborg 1070. Anselm frá Aosta á Ítalíu var nemandi Lanfrancs og tók við sem prior af honum 1063 þegar Lanfranc fór til Caen. Anselm varð ábóti í Bec 1078 og erkibiskup í Kantaraborg við lát Lanselms 1090. Hann var síðar tekinn í dýrlingatölu og talinn einn mesti guðfræðingur miðalda.³²

Það er einmitt lagabekking Lanfrancs sem vekur forvitni Íslendinga, þar sem Sæmundur hefur að öllum líkindum haft með sér þekkingu á kanónískum rétti með öðrum fróðleik að sunnan, sem sést af tíundarlögunum og kristinrétti. Þarna gæti Sæmundur hafa numið sem og á öðrum stöðum, þar sem nemandur fóru úr einum stað í annan í leit að fróðleik.³³ Þarna gæti hann í raun hafa byrjað nám sitt. Í Normandí var á þessum tíma enn töluð norræn tunga í einhverjum mæli, þótt hún hefði dvínað nokkuð. Faðir Sæmundar hafði þekkt Hróðólf trúboðsbiskup í Bæ í Borgarfirði sem hafði skírt hann. Hróðólfur fór aftur heim til Englands 1049 og gerðist ábóti í Abingdon. Enda þótt hann hafi andast áður en Sæmundur fæddist gæti faðir hans hafa sent hann til klaustursins, þar sem skírnaðir hans hafði verið ábóti. Þá höfðu Normannar³⁴ nýlega lagt undir sig England og

³¹ Halldór Hermannsson. *Sæmund Sigfússon and the Oddaverjar*. *Islandica* XXII. 1932, s. 5.

³² Um Lanfranc og heilagan Anselm má lesa víða, sjá t.d. Gibson, Margaret. *Lanfranc*. 1978, Southern, R.W. *St. Anselm and His Biographer*. 1963 og *Medieval Humanism and other studies*. 1970, og Gunnar Ágúst Harðarson. *Þrjár þýðingar lærðar frá miðöldum*. 1984, s. 19 og áfram.

³³ Halldór Hermannsson 1932, s. 52. Halldór bendir á í eftirmála ritsins, að sagan af Sæmundi og stjórnumeistararum sé upphaflega saga af Gerbert af Aurillac, sem fór til Spánar til þess að læra ýmis fræði hjá Márunum, þar á meðal stjórnumspeki. Sennilega hafi Sæmundur heyrt söguna og sagt hana hér heima ásamt öðrum sögum af þessu tagi.

³⁴ Á Bayeux-reflinum frá 1070 eru Normannar nefndir *FRANCI* í textanum, sem er á latínu.

kennari frá Bec var orðinn yfirmaður ensku kirkjunnar í Kantaraborg. Sæmundur gæti því hafa verið sendur yfir sundið til Normandí til hins fræga klausturskóla. Þaðan voru allar leiðir færar til skólanna í Norður-Frakklandi.

8.

Samandregin er niðurstaðan þessi: Ari fróði skrifar að Sæmundur hafi komið frá *Frakklandi*. Sæmundur var heimildarmaður Ara og hefur því sjálfur sagt honum þetta. Sæmundur var við nám einhvern tímann á árunum um 1070–1080. Þá voru Frakkland og Þýskaland orðin tvö aðskilin ríki þar sem ólík tungumál voru töluð. Franconia var eitt af hertogaðæmum Þýskalands. Ekkert bendir til að með *Frakklandi* í Íslendingabók sé átt við Franconiu í Þýskalandi. Norðurhluti gamla miðríkisins, Lóthringen, heyrði á þessum tíma Þýskalandi til. Enda þótt menn í fjarlægum löndum hafi getað notað orðið *Frakkland* yfir annað og meira en sjálft Frakkland á þessum tíma þá vissi Sæmundur í hvaða landi hann hafði verið við nám. Engin ástæða er til að ætla annað en Ari fróði segi rétt frá hvaðan Sæmundur hafi komið. Þess vegna er stóra spurningin hvar í Frakklandi Sæmundur hafi numið. Leita þarf að helstu skólunum einmitt á námsárum hans, það voru meistarnir sjálfir sem drógu að fróðleiksfúsa nemendur hvaðanæva. Sæmundur helgaði kirkjuna í Odda heilögum Nikulási, svo líklegt er að honum hafi verið helgaður staðurinn þar sem Sæmundur fróði nam. Hitt gæti líka verið, að Sæmundur hafi á heimleiðinni heitið á heilagan Nikulás, eins og dæmi eru um að sæfarendur suður í álfu hafi á þessum tíma þegar gert, og því helgað honum kirkjuna þegar heim kom. Sú sjóferð, sem og menntun, kunnátta og viska Sæmundar, varð efni í þjóðsögur.